

Fundur í skólaráði 20.10 2015

Mættir Ellen, Elín, Ragna, Thelma, Jón B. og Þorgerður. Aðalsteinn mætti ekki og fulltrúar nemenda voru veikir.

1. Starfsáætlun skólaráðs

Jón leggur fram starfsáætlun fyrir skólaráð fyrir þetta ár. Gert er ráð fyrir einum fundi í mánuð. Segir áhuga fyri því að reyna að standa betur að því að funda en í fyrra. Rætt um að ákveða að funda á öðrum þriðjudegi í mánuði eða eins og hér segir.

17.nóv.	8.des
12.jan.	16.feb.
8.mars	12.apríl
10. maí	

Ákveðið að reyna þessar dagsetingar.

2. Skólabyrjun

Jón segir óvenjumargt í gangi í upphafi þessa hausts sem lítur að forföllum og vekindum. Ráðningar voru í gangi fram eftir sumri og hausti vegna þess því upp voru að koma veikindi sem kölluðu ýmist á tilfærslur í starfi eða nýráðningar. Einnig kom í kjölfar veikinda að nokkrir starfsmenn minnkuðu við sig í starfi og það kallaði einnig á breytingar sem seint tókst að vinna úr. Mikil vinna er alltaf á haustin við vinnu við skólanámskrá. Í haust er einnig miklar breytingar á viðveru kennara í skólanum í kjölfar nýrra kjarasamninga. Sagt frá því að verið er að innleiða svokallaða **Vinnustund** sem er tölvustýrt kerfi sem á að halda utan um vinnutíma starfsfóks grunnskólanna. Stjórnendur í Giljaskóla eru þegar byrjaðir að skrá sig og síðan fara kennarar inni kerfið seinna í haust.

3. Skólareglur.

Skólareglur þarf að endurskoða með vissu millibili og verður umsögn skólaráðs að fylgja með. Sagt var frá að Grunnskólar á Akureyri hefðu reynt að samræma ástundunarmiðmið eins og hægt væri. Giljaskóli er ekki með punktastöfum en ætlar að einhverju leyti að miða við þau viðmið sem aðrir grunnskólar eru með. Umræður og athugasemdir við ástundunarviðmiðin. Samþykkt að leggja fyrir kennarafund eftirtalin viðmið..... Sjá JB

4. Umbótaáætlun

Jón leggur fram umbótaáætlun skólans og útskýrir hana. Rætt var um ýmislegt sem þar stendur. M.a frímínútur nemenda og hvernig gengur með samskipti þar. Fótboltavöllinn, gæslu o.fl. Rætt var um hvernig hinar

ýmsu venjur eru t.d. við boð í afmæli hjá nemendum. Ákveðið að þetta ætti m.a. verið til umræðu á fundum bekkjarfulltrúa.

Fleira ekki.

Næsti fundur 17. nóvember. Kl. 15.00